

17. FUNDARGERÐ STJÓRNAR HUNDARÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS STARFSÁRIÐ 2016-2017

Þriðjudaginn 6. apríl kl. 18.00 var haldinn 17. fundur stjórnar Hundaræktarfélags Íslands. Fundurinn var haldinn að skrifstofu félagsins að Síðumúla.

Mætt voru: Herdís Hallmarsdóttir formaður, Daníel Örn Hinriksson varaformaður, Auður Sif Sigurgeirsdóttir ritari, Pétur Alan Guðmundsson meðstjórnandi og Guðbjörg Guðmundsdóttir sem kom inn sem aðalmaður í fjarveru Þorsteins

Auður Sif Sigurgeirsdóttir ritaði fundinn.

Dagskrá:

1. Undirritun þegar staðfestra fundargerða 14, 15, og 16 fundar stjórnar 2017

2. Staðfesting samþykkt milli funda

Á fundi stjórnar 20. mars sl. var fjallað um hvort skipta ætti um bókhaldskerfi hjá félaginu og voru skoðunarmenn félagsins, Marianna Gunnarsdóttir og Þorsteinn Þorbergsson, fengnir á fund stjórnar. Var ákveðið að halda áfram að færa bókhald í bókhaldskerfinu Reglu með örlitlum viðbótum við kerfið til að koma í veg fyrir hættu á mistökum og auðvelda afstemmingar í bókhaldi. Guðný verkefnastjóri hitti fulltrúa Reglu og sá um að gera samning við fyrirtækið að fengnu samþykki stjórnar. Starfsmaður Reglu, Áslaug Einarsdóttir, hefur verið fengin til að færa bókhald félagsins.

3. Tillaga Herdísar um breytingar á Reglugerð um skráningu í ættbók Hundaræktarfélags Íslands.

Stjórn leitaði eftir áliti siðanefndar, vísindanefndar og ræktunar- og staðlanefndar. Vísindanefnd og siðanefnd voru samþykkar breytingunum. Umsögn vísinda- og staðlanefndar byggðist að hluta til á misskilningi sem stjórn átti auðvelt með að ganga úr skugga um með því að fletta upp í almennum skráningarreglum SKK enda byggja tillögurnar að mestu leyti á fyrirmynd frá SKK og FKK.

Stjórn samþykkti breytingarnar og verða reglurnar kynntar á fulltrúaráðsfundi og á heimasíðu félagsins. Reglurnar taka gildi 1. júlí 2017.

Í kafla II, Ættbókarskráning hvolpa, bætist við lið 2 eftirfarandi (viðbót skásett og feitiletruð):

2. Einungis ræktanda er heimilt að sækja um ættbókarskráningu hvolpa. Með ræktanda er hér átt við eiganda tíkarinnar eða þann aðila sem sannanlega átti rétt til undaneldis á tíkinni þegar pörun fór fram.

Ræktandi skal vera fullgildur félagsmaður í HRFÍ við umsókn.

Ræktandi sem ekki var fullgildur félagsmaður við pörun, greiðir hærra verð fyrir ættbækur gots.

Ræktandi sem nýtur ekki réttinda til skráningar gota eða hefur verið vísað úr félaginu tímabundið eða að fullu, fær ekki ættbókarskráningu á got þar sem pörun átti sér stað á viðurlagátíma.

Got undan ræktunardýrum sem sættu ræktunarbanni við pörun, verða ekki skráð síðar í ættbók, jafnvel þótt ræktunarbanni verði aflétt.

Í kafla III, Umskráning innfluttra hunda í ættbók HRFÍ og útflutningsbækur, bætist við fyrstu málsgrein eftirfarandi (viðbót skásett og feitiletruð):

Innflutt undaneldisdýr í eigu aðila með búsetu á Íslandi verður að umskrá í ættbók HRFÍ áður en afkvæmi þess fást ættbókarfærð. Innflutt undaneldisdýr í eigu erlends aðila, þ.m.t. dýr í leigusamningi, verður að umskrá í ættbók HRFÍ áður en afkvæmi þess fást ættbókarfærð. Ræktunardýr á láns-/leigusamningi telst vera í eigu leigutaka í skilningi þessara reglna á meðan á láns-/leigutíma stendur skv. samningi við skráðan erlendan eiganda sem framvísa skal til félagsins.

4. Samþykki NKU á þremur nýjum hundakynjum

Á fundi NKU í Kaupmannahöfn 23. febrúar sl. voru samþykkt þrjú ný hundakyn; epagneul de saint-usuge, treeing walker coonhound og miniature american shepherd. Í ljósi þess að tegundirnar eru samþykktar hjá NKU mun stjórn samþykkja tegundirnar og þar með hefja skráningu 1. janúar 2018 líkt og önnur NKU-lönd. Þá verður

tegundunum heimilt að taka þátt í sýningum og vinnuþrófum á vegum félagsins.

Epagneul de saint-usuage mun tilheyra tegundarhópi 7 og ræktunarmarkmið hans er frá franska hundaræktarfélaginu. Ættbækur frá viðurkenndum félögum FCI verða teknar gildar. Treeing walker coonhound mun tilheyra tegundahópi 4-6 og ræktunarmarkmið AKC gildir um hundakynið. Ættbækur frá viðurkenndum félögum FCI og AKC verða teknar gildar. Miniature american shepherd mun tilheyra tegundahópi 1 og ræktunarmarkmið AKC gilda um tegundina. Ættbækur frá viðurkenndum félögum FCI og AKC verða teknar gildar.

5. Tillaga skrifstofu um að stjórn beiti heimild í V.2. reglugerðar um skráningu til ættbókar til að setja afkvæmi cavalier-rakka, sem greindist með hjartamurr, í ræktunarbann

Stjórn samþykkir tillögu skrifstofu og verða afkvæmi hundsins sett í ræktunarbann.

6. Beiðni skrifstofu um takmörkun á ræktun undan rakka af tegundinni shar pei

Stjórn ræddi málið og fannst skynsamlegt að fara að eindregnum tilmælum dýralækna en stjórn telur rétt að gefa eiganda rakkans tækifæri til andmæla.

7. Kæra á hendur fyrrum starfsmanni HRFÍ

Stjórn félagsins hefur í þrígang sent fyrrum starfsmanni bréf og gefið viðkomandi kost á að hitta stjórn og svara ýmsum spurningum, koma fram með tilhlýðilegar skýringar, gera hreint fyrir sínum dyrum og endurgreiða fjármuni til félagsins. Stjórn harmar að starfsmaðurinn hafi kosið að svara í engu bréfum félagsins. Þá hefur stjórn haft víðtækt samráð við skoðunarmenn félagsins sem og lögmenn í laganefnd félagsins.

Í ljósi ofangreinds og að höfðu samráði hefur stjórn ekki aðra valkosti en að kæra málið til lögreglu vegna grunsemdar um fjárdrátt og senda kröfu á viðkomandi í innheimtu.

8. Tillögur vísindanefndar að viðbótum við reglugerð um skráningu í ættbók HRFÍ annars vegar um bann við notkun hunda með útilokandi galla og hins vegar bann við þörun tveggja merle hunda

Vísindanefnd fékk ábendingar Klöru Símonardóttur og Herdísar Hallmarsdóttur um að reglugerð um skráningu í ættbók fullnægði ekki kröfum sem gerðar eru til aðildarfélaga í alþjóðlegum ræktunarreglum FCI (e. *International Breeding Rules of the FCI*) og

viðmiða FCI um almennar og tegundabundnar reglur (e. *FCI General and Breed-Specific Guidelines*).

Að fengnum ábendingum gerði vísindanefnd tillögur til stjórnar um breytingar á reglunum enda er um að ræða lágmarkskröfur sem gilda í öllum FCI aðildarfélögum.

Stjórn samþykkti að bæta við VI. kafla reglugerðinnar, nánar tiltekið á undan málsgrein sem fjallar um það hvert mjaðma- og olnbogamyndir hunda eru sendar til aflesturs, eftirfarandi texta varðandi hunda með útilokandi galla:

Ekki má nota hunda sem eru með útilokandi galla til ræktunar, svo sem ódæmigerða skapgerð, meðfætt heyrnarleysi eða blindu, skarð í vör, klofinn góm, stórvægilega tanngalla og afbrigðilega kjálka, arfgenga vaxandi sjónhimmurýrnun (PRA), flogaveiki, eistnaleysi eða eitt eista, mjaðmalos (e. severe/E dysplasia) sem og hunda sem eru albínóar eða af óleyfilegum lit samkvæmt ræktunarmarkmiði tegundar.

Stjórn samþykkti ennfremur tillögu að bæta við VI. kafla reglugerðarinnar eftirfarandi texta varðandi pörun tveggja merle-hunda:

Bannað er að para saman tvo merle-hunda. Afkvæmi þeirra fást ekki skráð í ættbók.

Breytingarnar verða kynntar fyrir ræktunardeildum félagsins. Reglurnar munu taka gildi um mánaðamótin apríl/maí 2017.

Fleira var ekki rætt á fundinum.

Fundið slitið kl. 19.45. Boðað er til næsta fundar stjórnar 18. apríl nk. kl. 18.